

Ísafjarðarappið (vinnuheiti)

Markmið verkefnis

Markmið verkefnisins er að fræða ferðamenn um fólk, menningu og sögu Ísafjarðar. Til þess verður búið til smáforrit fyrir snjallsíma með interaktívu korti af bænum, þar sem fléttað verður inn í vídjóstubbum, ljósmyndum, texta og hljóðbútum.

Greinagóð lýsing á verkefni

Hugmyndin að verkefninu kviknaði í sumar þegar umsækjandi var að vinna í garðinum við gamalt hús á eyrinni á Ísafirði. Lenti umsækjandi þá í ótal samræðum við ferðamenn sem voru að spyrja til vegar og/eða forvitnast um húsið og líf okkar heimamanna almennt. Þúsundir ferðamanna koma til Ísafjarðar á hverju sumri, þeir ganga um eyrina, skoða húsin velta fyrir sér hvers konar samfélag þrífst hér. Í íbúakönnun kom hins vegar fram að bæjarbúar eru þreyttir á því að ferðamenn gægist á glugga og séu að forvitnast. Með öðrum orðum, eftirspurnin eftir innsýn í líf heimamanna er til staðar, framboðið ekki.

Hugmyndin er að smíða smáforrit (app) fyrir snjallsíma sem mun skapa þetta framboð, þ.e. gefa ferðamönnum innsýn í líf og samfélag fólks sem býr í bænum og aðstoða þá að rata um. Hjartað í appinu verður handteiknaða Ísafjarðarkortið sem Ómar Smári gerði fyrir nokkrum árum. GPS staðsetningabúnaður sem innbyggður er í alla snjallsíma mun sýna notandanum nákvæmlega hvar hann er staddur hverju sinni. Við viss hús verður svo hægt að horfa á 2 mínútna stuttmyndir þar sem íbúar segja frá daglegu lífi og samfélaginu sem það býr í. Á öðrum stöðum á kortinu verður svo hægt að sjá t.d. vetrarmyndir frá sama sjónarhorni og texta með sögubútum.



Smáforritið verður selt í App Store og Google Play Store fyrir nógu litla upphæð, um þrjá dollara, svo ferðamenn veigri sér ekki við að hlaða því niður. Reynt verður að koma kynningarefni inn í skemmtiferðaskipin sem leggja hér að, sett verða upp plaggöt á öllum helstu ferðamannastöðum og pésar verða útbúnir. Samfélagsmiðlar Visit Westfjords, sem eru með tugi þúsunda Vestfjarðaelskandi fylgjenda, verða notaðir til þess að kynna appið og verður efni og sögum úr þessu verkefni deilt á miðlum Visit Westfjords.

Verkefnið er samstarfsverkefni þeirra aðila sem deila vinnuaðstöðu í gömlu Skóbúðinni á Ísafirði. Innanhúss eru forritari, kvikmyndagerðamenn, ljósmyndarar, mannfræðingar, menningarmiðlari og hönnuður. Öll nauðsynleg þekking er til staðar svo appið geti komist á legg.

Vonir gera ráð fyrir að niðurrhöl munu verða 2000 árið 2019, fyrsta árið sem það er á markaðnum. Áætlað er að árið 2020 munu niðurrhöl verða 4000 og árið 2021 munu þau

verða 6000. Ef vel verður tekið í Ísafjarðarappið er ekkert því til fyrirstöðu að hópurinn haldi áfram með hugmyndina og gerir viðmót og efni fyrir aðra bæji á Vestfjörðum.

Fólkið á bak við verkefnið

Verkefnisstjóri er Haukur Sigurðsson. Hann er með BA próf í mannfræði frá Háskóla Íslands og MA í sjónrænni mannfræði frá Háskólanum í Tromsø í Noregi. Hann hefur verið viðloðandi vestfirska ferðapjónustu frá árinu 2004; fyrstu árin hjá Vestuferðum, síðan Boreu Adventures og síðast Auroru Arktiku. Síðan Haukur snéri aftur til Ísafjarðar frá Noregi hefur hann unnið sjálfstætt undir merkjum Fjólubláu Húfunnar ehf. Meðal annars hefur hann framleitt fjöldan allan af stuttum kvikmyndum fyrir stofnanir og fyrirtæki, ferðast um Vestfirði og safnað ljósmyndum og sögum fyrir Bestfjords síðu Markaðsstofu Vestfjarða og séð um samfélagsmiðla Visit Westfjords.

Baldur Páll Hólmgeirsson mun smíða smáforritið og bera ábyrgð á tæknilegum hliðum verkefnisins. Hann mun einnig koma að framleiðslu stuttmyndanna. Baldur er fæddur, uppallinn og búsettur á Ísafirði með mikla reynslu í vefhönnun, app forritun (iOS & Android), ljósmyndun og kvikmyndagerð.

Marta Sif Ólafsdóttir hönnuður mun hanna heildar útlit appsins, útbúa lógó og sjá til þess að allt sem við kemur appinu, innihaldi þess og kynningu á því sé samræmt. Hún mun einnig koma að hugmyndavinnu fyrir stuttmyndirnar og annað innihald appsins. Marta útskrifaðist sem vöruhönnuður frá Design Academy Eindhoven Hollandi 2015 með áherslu á markaðsfræði. Marta flutti aftur til Ísafjarðar í sumar og starfar sem smíðkennari við Grunnskólann á Ísafirði ásamt því að vinna að eigin verkefnum á vinnustofu sinni í Skóbúðinni.

Vaida Braziunaite og Björg Sveinbjörnsdóttir úr Skóbúðinni - Hversdagssafni munu koma að framleiðslu stuttmyndanna, textagerð og auglýsingum. Þær munu einnig hafa yfirumsjón með notendaprófunum appsins.

Vaida er með meistaragráðu í sjónrænni mannfræði frá Háskólanum í Tromsø. Hún hefur unnið að verkefnum með gjörningalistamönnum, tónlistamönnum, leikhópum og mismunandi sviðsflytjendum. Vaida hefur komið að skipulagningu kvikmyndahátíða og listamannavinnustofa. Björg er með BA gráðu í félagsfræði með kynjafræði sem aukagrein, MA gráðu í hagnýtri menningarmiðlum og viðbótardiplómu í kennslufræðum. Hún hefur unnið að ýmsum verkefnum á sviði lista- og menningar og starfar sem kennari í Menntaskólanum á Ísafirði.

Samfélagslegur ávinningur

Verkefnið hefur menningarlegt, listrænt og sögulegt gildi. Stuttmyndirnar sem framleiddar verða munu varpa ljósi á það hvers konar samfélag við búum í og gefa innsýn í daglegt líf 10 nútímafjölskylda. Stuttmyndirnar munu verða ómetanleg heimild um Ísafjörð árið 2018. Verkefnið hefur einnig atvinnu- og nýsköpunargildi. Appið sem smíðað verður verður einstakt en umsækjanda er ekki kunnugt um tilvist annara appa að þessari gerð. Vonir eru bundnar til þess að appið sjálft geti skapað nægar tekjur til þess að stækka og breikka hugmyndina með því að bæta við öðrum vestfirskum bæjum. Þannig verða til störf fyrir mannfræðinga, forritara, hönnuð, menningarmiðlara og kvikmyndagerðamann sem öll eru búsett á Ísafirði.

Helsti ávinningurinn með smíði þessa apps er hins vegar að brugðist verður við þeirri eftirspurn sem er eftir innsýn í líf heimamanna á Ísafirði. 78000 skemmtiferðafarþegar streyma í gegnum Ísafjörð á hverju sumri, til viðbótar við mörg þúsund almennra ferðamanna, og eru þeir iðulega forvitnir um okkur sem hér búa. Með appinu geta ferðamenn fræðst um líf, menningu og sögu Ísafjarðar - bæði áður en þeir koma í bæinn og einnig notað það sem "leiðsögumann" meðan það er á Ísafirði.

Störf og kynjahlutfall

Áætlaður tímafjöldi: 2280

Fjöldi ársverka: 1,10

Kynjahlutfall: Jöfn hlutföll

Verk-og tímaáætlun

Upphaf verkefnis: 01.01.2018

Áætluð verklok: 31.01.2019

Verkþættir

Heiti Verkþáttar	Hefst	Lýkur	Ábyrgðamaður
Smíði smáforrits	01.01.2018	31.08.2018	Baldur Páll Hólmgeirsson
Hönnun útlits	01.01.2018	31.08.2018	Marta Sif Ólafsdóttir
Notendaprófanir	01.07.2018	31.08.2018	Skóabúðin Hversdagssafn
Betrun apps	01.09.2018	31.12.2018	Baldur Páll Hólmgeirsson
Útbúningur kynningarefnis	01.09.2018	31.12.2018	Fjólubláa Húfan ehf.
Auglýsingar í pása	01.12.2018	31.12.2018	Fjólubláa Húfan ehf.
Útgáfa smáforrits	15.01.2019	15.01.2019	Fjólubláa Húfan ehf.
Kynning til fjölmiðla	15.01.2019	31.01.2019	Fjólubláa Húfan ehf.
Dreifing pása og veggspjalda	16.01.2019	31.01.2019	Skóabúðin Hversdagssafn
Kvikmyndagerð og ljósmyndun	01.01.2018	30.11.2018	Fjólubláa Húfan ehf.

Kostnaðaráætlun

Kostnaðarliðir

Heiti	Undirheiti	Magn/fjöldi	Einingaverð	Samtals
Auglýsingakostnaður		1	1000000	1000000
Laun og launatengd gjöld		2280	3500	7980000
Annað	Ísafjarðarkort	1	200000	200000
Aðkeypt þjónusta		10	50000	500000
			Samtals	9.680.000

Eigin framlög

Eigið framlag	Staða fjármögnunar	Upphæð
Vinnuframlag	Staðfest	4200000
	Samtals	4.200.000

Staðfest fjármögnun:

Uppbyggingarsjóður Vestfjarða	600.000
Visit Westfjords	500.000
Sala í gegnum AppStore og Google Play	500.000
Samtals	1.600.000

Óskað er eftir 1.000.000 krónu styrk frá Ísafjarðarbæ.